

ÁRSSKÝRSLA VR 2001-2002

| | |
|--|-----------|
| Stjórn VR 2001-2002 | 4 |
| Ávarp formanns | 5 |
| Kaup og kjör | 6 |
| Frestun á endurskoðun kjarasamnings | 6 |
| Fyrirtæki ársins | 6 |
| Starfsmannaviðtal – könnun | 6 |
| Launakönnun 2001 | 6 |
| Ahrif styttingar grunn- og framhaldsskóla – könnun | 6 |
| Jafnréttismál | 6 |
| Kjaramál | 7 |
| Fræðsla | 8 |
| Jafnréttisnámskeið | 8 |
| Ný starfsgreinanámskeið | 8 |
| Markaðslauanámskeið | 8 |
| Netnámskeið | 8 |
| Námskeið fyrir trúnaðarmenn | 8 |
| Starfs- og námsráðjoð | 8 |
| Grunnskólafræðsla | 8 |
| Önnur verkefni | 8 |
| Lokaverkefnastyrkur | 9 |
| Styrkir vegna fræðslu- og menningarmála | 9 |
| Framkvæmdastjórn Fræðslusjóðs VR | 9 |
| Stjórnir starfsmenntasjóðanna | 9 |
| Heilbrigðismál | 10 |
| Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði | 10 |
| Stofnstyrkir úr Framkvæmdasjóði Sjúkrasjóðs VR | 11 |
| Stjórn Sjúkrasjóðs | 11 |
| Orlofsmál | |
| Orlofshús árið 2001 | 12 |
| Nýting orlofshúsa og vagna 2001 | 12 |
| Stóri-Kambur | 12 |
| Spánn | 12 |
| Orlofshús Verslunarmannafélags Akraness | 13 |
| Stjórn Orlofssjóðs | 13 |
| Atvinnuleysisbætur | 14 |
| Úthlutun atvinnuleysisbóta | 14 |
| Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta | 14 |
| Samskipti og fundir | 15 |
| Samstarf VR og VA | 15 |
| Fundir | 15 |
| Kjarahing | 15 |
| Ársfundur ASÍ | 15 |
| 23. þing LÍV | 15 |
| Erlent samstarf | 15 |
| Hófuðborgaráðstefna Norðurlandanna | 15 |
| Ráðstefnur erlendis | 15 |
| Almennar upplýsingar | |
| Stjórn og trúnaðarmannaráð fyrir árið 2001-2002 | 16 |
| Félagsmál | 17 |
| Útgáfu- og kynningarmál | 18 |
| Aðild að stofnum | 18 |
| Tilnefningar í stjórnir og ráð utan félagsins | 18 |
| Félagatal | 19 |
| Starfsmenn félagsins | 20 |
| Trúnaðarmenn á vinnustöðum | 21 |
| Starfsemi og þjónusta VR á árinu 2001 | 23 |
| Efnisyfirlit ársreiknings | |
| Áritun stjórnar | 25 |
| Áritun endurskoðenda | 25 |
| Rekstrarreikningur | 26-27 |
| Efnahagsreikningur | 28-31 |
| Sjóðstreymi | 32 |
| Skýringar | 33-35 |

STJÓRN VR 2001 – 2002

**Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur var þannig
skipuð starfsárið 2001 – 2002:**

Magnús L. Sveinsson, formaður
Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður
Elín Elíasdóttir, ritari
Edda Kjartansdóttir, gjaldkeri
Pétur A. Maack
Benedikt Vilhjálmsson
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Sigrún Baldursdóttir
Gunnar Böðvarsson
Kolbeinn Sigurjónsson
Sigurður Sigfússon
Steinar J. Kristjánsson
Rannveig Sigurðardóttir
Valur M. Valtýsson
Bjarndís Lárusdóttir

Varamenn:

Kristín Sigurðardóttir
Valdís Haraldsdóttir
Ingveldur Sigurðardóttir

Í aprílmánuði 2001 sagði Pétur A. Maack sig úr stjórn.
Þær breytingar urðu á vinnureglum stjórnar í apríl 2001
að framkvæmdastjórn var lögð niður.

Á sl. starfsári lagði VR áherslu á að efla innra starf félagsins eftir að hafa staðið í undirbúningi og samningagerð næstu ár á undan, sem lauk að mestu með samningagerð árið 2000. Mikil vinna og vaxandi fer í að veita upplýsingar og þjónustu í margskonar kjara- og félagslegum réttindamálum sem samið hefur verið um.

Eins og kunnugt er hlaut VR jafnréttisviðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2001. Þetta er mikill heiður fyrir VR og viðurkenning á að félagið hefur látið jafnréttismálin mikið til sín taka á undanförnum árum. VR hefur m.a. lagt mikla áherslu á að launamun kynjanna verði eytt. Það er ánægjulegt að sjá í launakönnun sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands vann fyrir VR og kynnt var í febrúar 2002, að launabilið milli karla og kvenna hefur minnkað úr 18 í 16% á milli áranna 2000 og 2001. Vonandi er það bending um að íslenskur vinnumarkaður sé á réttri leið í þessu alvarlega máli.

Á sl. ári hefur aukin áhersla verið lögð á fræðslustarf hjá féluginu. Eins og menn muna, samdi VR í síðustu samningum um framlag vinnuveitenda í fræðslusjóði sem teknir eru til starfa. Fjölmörg fræðslunámskeið hafa verið haldin sem mikil þátttaka hefur verið í. Boðið hefur verið upp á ýmis ný námskeið. Má þar nefna námskeið sem sérstaklega eru ætluð konum, annars vegar stjórnunarnámskeið „Konur til forystu“ og hins vegar sjálfssyrkingarnámskeið „Tjáning og tækifærí“. Þessi námskeið eru sérstaklega hugsuð til að styrkja konur til þátttöku á vinnumarkaðinum og stuðla að því að draga úr launabili kynjanna. Þá voru haldin mörg námskeið sem miðuðu að því að undirbúa félagsmenn fyrir hið árlega launaviðtal, sem kjarasamningar kveða á um og er grundvallarpáttur í markaðslaunakerfinu sem samið hefur verið um. Einnig voru haldin námskeið fyrir trúnaðarmenn og ný starfsgreinanámskeið. Um 1000 manns sóttu þessi námskeið á sl. starfsári.

VR samþykkti að veita í fyrsta sinn á síðasta ári, lokaverkefnastyrk vegna náms á háskólastigi. Markmiðið með lokaverkefnastyrk VR er að efla rannsóknir á vinnumarkaði með því að hvetja námsfólk sem er við nám á háskólastigi að huga betur að vinnumarkaðsmálum og efla tengsl atvinnulífs og skóla.

Atvinnuleysi hefur farið vaxandi og eru nú rúmlega tvöfalt fleiri VR félagar atvinnulausir en í febrúar árið 2001. Atvinnulausum hefur fjöldað mikið síðustu mánuðina og eru í marsmánuði um 750 félagsmenn VR atvinnulausir og er það mikið áhyggjuefni.

Á síðasta ári óskaði Verslunarmannfélag Akraness eftir að VR gerði samning við félagið um samstarf til reynslu til tveggja ára, með það að markmiði að sameina félögin að reynslutíma loknum, ef hann gæfi góða raun.

Segja má að starfsemi allra þátta félagsins hafi vaxið verulega á síðasta ári. Fjölgun félagsmanna, sem nú telja nærri 30 þúsund manns, sem eru á skrá, og samdrátturinn í þjóðfélaginu hafa sín áhrif á það. Um tvöfalt fleiri mál voru í meðferð hjá kjaramáladeildinni á síðasta ári en árið áður.

Á síðasta ári fengu rúmlega 7.600 félagsmenn greiðslu úr Sjúkrasjóði félagsins að upphæð 281 milljón króna. Félagsmönnum sem njóta greiðslu úr Sjúkrasjóðnum fjölgæði á þriðja þúsund eða 39% á síðasta ári. Ástæðan er bæði fjölgun í félaginu en þó fyrst og fremst breyting á reglugerð sjóðsins, sem miðaði að því að auka valfrelsi félagsmanna hvernig þeir verja rétti sínum til aukinnar tryggingarverndar.



Á myndinni má sjá Elínu Líndal, formann Jafnréttisráðs, Pál Pétursson félagsmálaráðherra og Magnús L. Sveinsson, formann VR, við athöfn í Ráðherrabústaðnum þann 24. október 2001 þegar jafnréttisviðurkenningin var afhent.

KAUP OG KJÖR

Frestun á endurskoðun kjarasamnings VR og SA

Skrifað var undir samkomulag milli VR og Samtaka atvinnulífsins (SA) þann 13. desember 2001 um frestun á endurskoðun á launalið kjarasamnings aðila fram í maí árið 2002. Þessi frestun kom í kjölfar samkomulags verkalýðs-hreyfingarinnar, atvinnurekenda og ríkisvaldsins um aðgerðir til að lækka verðbólgu, styrkja gengi krónunnar og lækka vexti.

Fyrirtæki ársins 2001

Niðurstöður í vali um fyrirtæki ársins voru kynntar þann 23. maí 2001. Í flokki stærri fyrirtækja, þ.e. fyrirtækja með 50 VR félaga eða fleiri hlaut IMG Þekkingarsmiðjan titilinn en Tandur hf. í flokki minni fyrirtækja.

Starfsmannaviðtal – könnun

Gallup gerði könnun fyrir VR í júní- og júlímaðuði 2001 um hve margir hefðu farið í starfsmannaviðtal í kjölfar síðustu kjarasamninga. Fjórir af hverju tíu félagsmönnum (eða 39%) höfðu farið í starfsmannaviðtal á 12 mánuðum skv. niðurstöðum könnunarinnar. Mikill meirihluta þeirra fékk hækkun launa í kjölfarið.

Launakönnun 2001

Samkvæmt niðurstöðum launakönnunar VR fyrir árið 2001 hækkuðu heildaraun afgreiðslufólks á kassa um 18% frá september 2000 til sama mánaðar árið 2001 og námu að meðaltali 161 þúsund krónum síðastliðið haust samanborið við 136 þúsund árið 2000. Að meðaltali hækkuðu heildaraun félagsmanna VR um 8% á milli áranna 2000 og 2001, eða úr 221 þúsund krónum á mánuði í 239 þúsund krónur. Dagvinnulaun hækkuðu ívið meira eða um 10% að meðaltali á sama tímabili, eða úr 192 þúsund krónum í 211 þúsund krónur.

Karlar í fullu starfi eru að meðaltali með 24,5% hærri heildaraun en konur í fullu starfi, eða 275 þúsund krónur á móti 221 þúsund krónum. Árið 2000 nam þessi munur 25,6%. Þegar tillit hefur verið tekið til áhrifa vinnutíma, starfstéttar, starfsaldurs og aldurs er munurinn á milli kynjanna hins vegar 16% árið 2001 á móti 18% árið 2000.

Launamunur kynjanna hefur því minnkað milli ára. Vinnutími félagsmanna VR styttilt um rúma 1 klst. á viku á milli áranna 2000 og 2001, samkvæmt launakönnunum VR, eða úr 44 klst. í 42,7 klst. á viku. Vinnuvikan hefur að meðaltali styst úr 45 klst. í undir 43 klst. á 2 árum eða um tæplega 2,5 klst.

Áhrif styttingar grunn- og framhaldsskóla

VR kynnti þann 29. janúar 2002 niðurstöður skýrslu sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði að beiðni félagsins um áhrif styttingar grunn- og framhaldsskóla á einstaklinga, sveitarfélög, ríkissjóð og þjóðarframleiðslu. Íslensk ung-menni ljúka framhaldsskólanámi seinna en jafnaldrar þeirra í öðrum löndum OECD og koma því seinna út á vinnu-markaðinn. Afleiðingar þessa eru meðal annars lægri ævitækjur einstaklinganna auk þess sem þjóðarframleiðsla er minni en hún gæti verið væri námstíminn styttri. Á grundvelli þessara niðurstaðna ályktaði stjórn VR þar sem áhersla er lögð á að gerðar verði breytingar á skólakerfinu.

Jafnréttismál

VR fékk viðurkenningu Jafnréttisráðs árið 2001 fyrir brautryðjendastarf á sviði jafnréttismála. Viðurkenningu Jafnréttisráðs er ætlað að benda á fyrirmundur öðrum til efturbreytni ásamt því að vera þeim sem hana hlýtur hvatning til enn frekari dáða. Eitt af megin markmiðum Verzlnarmannafélags Reykjavíkur er að beita sér fyrir því að eyða launamun kynjanna og stuðla að jafnrétti á öðrum sviðum vinnumarkaðarins eins og lesa má í jafnréttisstefnu félagsins sem samþykkt var á síðasta ári. Undanfarin ár hefur félagið unnið að þessum málaflokki með ýmsum hætti, s.s. með launakönnunum, námskeiðum og fleiru. Þess má geta að jafnréttisstefna fyrir skrifstofu VR var samþykkt 22. maí 2001.

Í stjórn jafnréttisnefndar VR sitja Alda Sigurðardóttir formaður, Gunnar Páll Pálsson, Bjarndís Lárusdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir og Sigurður Sigfússon.

Gunnar Páll Pálsson situr í jafnréttisráði tilnefndur af ASÍ.

Starfsemi kjaramáladeilda.

Kjaramáladeild félagsins starfaði með nokkuð hefðbundnum hætti, við túlkun kjárasamninga og aðstoð á innheimtu launakrafna. Mikil aukning var í meðferð mála í deildinni, en þau voru samtals 1.183 sem er tæplega 100% aukning milli ára.

Fjöldi mála sem þurfti að stefna fyrir dómstólum jókst að sama skapi mikið milli ára.

Á síðari hluta ársins 2001 varð talsverð aukning á málum sem snuru að uppsögnum á ráðningasamningum starfsmanna, auk þess sem gjaldþrotamálum fjölgaði mikið á sama tíma. Má í því sambandi sérstaklega nefna fyrirtæki í ferðaþjónustu og fyrirtæki á tölvu- og upplýsingasviði.

Eineltismálum fjölgaði einnig mikið, en talsverð áhersla hefur verið lögð á sérhæfingu á því sviði og var sett á stofn sérstakt eineltisteymi meðal starfsmanna kjaramáladeilda, til þess að vanda meðferð á þessum erfiða málaflokki sem mest.

Nokkur umræða hefur farið fram á árinu um réttarstöðu starfsmanna sem vinna sína vinnu heima, að hluta til eða alfarið. Hér er um breytingu á ráðningarfórmum að ræða, sem getur valdið ákveðinni óvissu um réttarstöðu starfsmanna, séu ráðningasamningar milli aðila ekki vandlega yfirfarnir. Var m.a. vakin athygli á þessu með greinaskrifum í blaði félagsins.

Segja má um starfsemi deildarinnar að hún verði æ fjölbreyttari. Má þarna nefna að nokkrir málaflokkar verða sífellt viðameiri, t.d. þeir er snúa að persónuvernd, kynferðislegu áreiti á vinnustað, einelti á vinnustað, samkeppnisákvæðum í ráðningasamningum, ákvæðum sem snúa að fjölskylduábyrgð o.fl. Persónuvernd var mikið til umræðu og kom þar einkum til skoðunar notkun tölvupósts og netsins auk rafrænnar vöktunar. Lögð var fram kvörtun til Persónuverndar vegna félagsmanns þar sem tölvupóstur hans hafði verið skoðaður og prentaður út og verður það álit forðæmisgefandi um meðferð tölvupósts á vinnustað.

Stöðugildi deildarinnar á árinu voru rúmlega 7, auk Guðmundar B. Ólafssonar lögmanns félagsins.



Kjaraþing eru orðin árlegir viðburðir hjá VR.

Námskeið og námsefnisgerð

Félagsmönnum VR var boðið upp á ýmis ný námskeið haustið 2001 þeim að kostnaðarlausu.

Jafnréttisnámskeið

VR samþykkti á síðasta ári jafnréttisstefnu þar sem áhersla er lögð á jafnrétti á vinnumarkaði óháð kyni. Í stefnunni segir að sérstaklega þurfi að efla menntun kvenna, m.a. með því að bjóða sértæk námskeið fyrir konur. Í veturn bauð VR upp á tvö námskeið sem sérstaklega eru ætluð konum og sóttu um 130 félagskonur námskeiðin. Annars vegar stjórnunarnámskeiðið „Konur til forystu“, sem var haldið í samvinnu við IMG og hins vegar sjálfsstyrkingarnámskeiðið „Tjáning og tækifæri“ sem var haldið í samvinnu við Skref fyrir skref. Samtals voru haldin 8 námskeið sem voru fullbókuð og komust færri að en vildu. Á vorönn 2002 eru í boði 7 námskeið í „Tjáningu og tækifæri“ og 4 námskeið af „Konur til forystu“. Fullbókað er á öll námskeiðin.

Ný starfsgreinanámskeið

Boðið var upp á nokkur ný starfsgreinanámskeið haustið 2001 sem styrkt höfðu verið úr Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins. Þetta voru námskeið fyrir starfsfólk í bóka- og ritfangaverslunum; „Bækur og ritföng“, námskeið fyrir starfsfólk í byggingaverslunum; „Sala á byggingavörum“ og námskeið fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu; „Markaðssetning ferðaþjónustu“. Samtals mættu yfir 100 manns á þessi námskeið.

Markaðslaunananámskeið

Áfram var boðið upp á markaðslaunananámskeiðið „Að semja um launin“. Námskeiðið var haldið í samtals tólf skipti árið 2001 og sóttu það á þriðja hundrað félagsmenn.

Netnámskeið

Í febrúar 2001 fékk VR kr. 2.000.000 styrk frá Starfsmenntasjóði félagsmálaráðuneytisins til að útbúa netnámskeið um starfsmannaviðtal. Hægt verður að nálgast námskeiðið á heimasíðu félagsins www.vr.is.

Námskeið fyrir trúnaðarmenn

Tvö trúnaðarmannanámskeið fyrir nýja trúnaðarmenn voru haldin á haustönn 2001 og eitt í febrúar 2002. Einnig var haldið framhaldsnámskeið í október 2001. Rúmlega 80 trúnaðarmenn sátu námskeiðin.

Haustið 2001 var boðið upp á nýjung fyrir trúnaðarmenn, svokallaðan Trúnaðarmannaskóla VR. Námið er alls 32 stundir og er kennt hálfan dag í einu fyrir hádegi. Tvær vikur a.m.k. líða milli kennslu. Lögð er áhersla á að efla trúnaðarmenn í starfi og einkalífi. Alls var boðið upp á tvö sextán manna námskeið í veturn og fylltust bæði námskeiðin. Trúnaðarmannaskólanum lauk 12. mars með útskrift.

Starfs- og námsráðgjöf

Boðið var upp á ókeypis starfs- og námsráðgjöf líkt og í fyrra. Um 70 manns nýttu sér það. Umsjón með ráðgjöfinni hafði Björn Hafberg.

Grunniskólafræðsla

Sjötta árið í röð var 10. bekkingum gagnfræðiskólanna á höfuðborgarsvæðinu boðið á kynningu um réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Alls mættu yfir 700 nemendur frá 15 skólam. Þá var samstarfi við Vinnuskóla Reykjavíkur um fræðslu fyrir 16 ára unglingsum vinnumarkaðinn framhaldið á árinu. Tæplega þrjú hundruð unglingsar sóttu þá fræðslu.

Önnur verkefni

VR tók þátt í fræðsluhátið Kringlunnar í viku símenntunar, sem var haldin í september sl. eins og árið áður. Auk þess tók VR þátt í framadögum í febrúar 2001 og 2002. Framadagar eru samstarfsverkefni stúdenta Háskóla Íslands, Atvinnu-miðstöðvar stúdenta og framsækkinna fyrirtækja og stofnana.

Lokaverkefnastyrkur VR

Lokaverkefnastyrkur VR var veittur í fyrsta sinn í byrjun nóvember 2001. Styrkinn hlaut Héðinn Jónsson, 4. árs nemi í sjúkraþjálfun við Háskóla Íslands. Verkefni hans var könnun á áhrifum hléæfinga á líðan skrifstofufólks. Markmiðið með lokaverkefnastyrk VR er að efla rannsóknir á vinnumarkaði með því að hvetja námsmenn sem eru við nám á háskólastigi að huga betur að vinnumarkaðsmálum og efla tengsl atvinnulífs og skóla. Styrkurinn er alls kr. 250.000.

Styrkir vegna fræðslu- og menningarmála árið 2001

Á árinu 2001 fengu 2.033 félagsmenn styrki úr starfsmenntasjóðum vegna náms hjá rúmlega tvö hundruð (209) mismundandi skólum og stofnunum að upphæð 45.589.812 vegna bæði starfstengdra- og tómstundanámskeiða. Fjöldi styrkja alls var 2.592.

| | |
|---|----------------|
| Fræðslustyrkir til félagsmanna VR, alls 2.033 félagsmaður | Kr. 45.589.812 |
| Rannsókn á ísl. vinnumarkaði í nútíð og framtíð | Kr. 1.500.000 |
| Lyfjatæknifélag Íslands | Kr. 403.960 |
| Nýsköpunarsjóðsverkefni | Kr. 330.000 |
| Hið gullna jafnvægi | Kr. 200.000 |
| Fátækt á Íslandi, rannsóknarverkefni | Kr. 100.000 |
| Gæðastjórnunarfélagið | Kr. 150.000 |
| Suzuki skólinn styrkur | Kr. 70.000 |
| Annað | Kr. 219.000 |
| Samtals | Kr. 48.562.772 |

Framkvæmdastjórni Fræðslusjóðs VR

Í Framkvæmdastjórni Fræðslusjóðs VR sitja Rannveig Sigurðardóttir formaður, Bjarndís Lárusdóttir, Edda Kjartansdóttir, Sigrún Baldursdóttir og Sigurður Sigfusson.

Stjórnir Starfsmenntasjóðanna

Í stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks sem var stofnaður í tengslum við gerð kjarasamninga verslunarmana og Samtaka atvinnulífsins árið 2000 sitja af hálfu VR Guðmundur B. Ólafsson, formaður stjórnar, og Alda Sigurðardóttir ritari en Guðbrandur Einarsson fyrir hönd LÍV. Fyrir hönd atvinnurekenda eru í stjórninni Guðrún J. Guðmundsdóttir (Baugur), Sigurður Jónsson (SVP) og Sigurður Ólafsson (VÍS).

Í stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar sem var stofnaður eins og um var samið í kjarasamningi VR og Samtaka verslunarinnar-FÍS sitja fyrir hönd VR Guðmundur B. Ólafsson og Alda Sigurðardóttir og fyrir hönd Samtaka verslunarinnar Stefán S. Guðjónsson (SV) sem er formaður og Halldór Páll Gíslason (Mata ehf).



2.033 félagsmenn fengu styrki úr starfsmenntasjóðum vegna náms á árinu, yfir 45 milljónir króna.

HEILBRIGÐISMÁLSMÁL

Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði

Varðandi tekjur árið 2001 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sunduriðast þannig:

a) Sjúkra- og dagpeningar.

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|--|------------|--------------------|
| Dagpeningar vegna veikinda | 441 | 148.814.187 |
| Dagpeningar vegna áfengisvanda | 40 | 6.067.867 |
| Dagpeningar vegna veikinda barna | 40 | 6.679.902 |
| Sjúkra- og slysadagpeningar samtals | 521 | 161.561.956 |

(2000, samtals fjöldi 504, kr. 145.701.099)

b) Fæðingarorlof:

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|--|--------|------------|
| Dagpeningar vegna fæðingarorlofs samtals | 202 | 49.753.875 |

(2000 samtals, fjöldi 517, kr. 118.261.313)

c) Dánarbætur:

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|--|-----------|-------------------|
| Líftryggingar félagsmanna undir 70 ára | 26 | 13.500.000 |
| Dánarbætur félagsmanna eldri en 70 ára | 29 | 8.050.000 |
| Dánarbætur samals | 55 | 21.550.000 |

(2000, fjöldi bótaþega 59, kr. 30.380.000)

d) Slysabætur:

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|----------------------------|----------|------------------|
| Örorkubætur | 3 | 1.259.358 |
| Slysakostnaður vegna barns | 0 | |
| Slysabætur samtals | 3 | 1.259.358 |

(2000, fjöldi bótaþega 7, kr. 5.200.250)

| Bætur samtals | 781 | 234.125.189 |
|--|-----|-------------|
| 2000, fjöldi bótaþega 1087, kr. 299.542.662) | | |

| | Fjöldi | Upphæð kr. |
|--|--------------|-------------------|
| Heilsuræktarnámskeið | 3.146 | 23.419.207 |
| Sjúkraþjálfun | 1.016 | 7.087.237 |
| Krabbameinsskoðun | 1.430 | 1.429.145 |
| Gleraugu | 740 | 7.767.032 |
| Hjarta- og lungnastöðin og Hjartavernd | 69 | 242.802 |
| Glasafrjóvgun | 21 | 1.914.000 |
| Hjálpartæki | 20 | 127.196 |
| Líf-, sjúkdóma- og slysatrygging | 384 | 2.697.878 |
| Aðrir styrkir | 15 | 2.071.098 |
| Styrkir til sjóðfélaga samtals | 6.841 | 46.755.595 |

(2000, fjöldi styrkþega 4.389, kr. 16.458.085)

| Bætur og styrkir til félagsmanna 2001 samtals | 7.622 | 280.880.784 |
|---|-------|-------------|
| 2000, fjöldi bóta- og styrkþega 5.485, kr. 316.000.747) | | |

Styrkir til stofnana og félagasamtaka 2001

| | Upphæð kr. |
|----------------------|------------|
| Klúbburinn Geysir | 1.000.000 |
| Þing vegna mænuskaða | 250.000 |
| Þjálfun fatlaðra | 150.000 |
| Umhyggja | 150.000 |
| Annað | 1.626.829 |

Styrkir til stofnana og félagasamtaka 2001 samtals **3.176.829**
 (2000, kr. 4.517.770)

Upphæð kr.

| | |
|----------------------------|------------------|
| Endurtrygging o.fl. | (532.726) |
|----------------------------|------------------|

Upphæð kr.

Bætur og styrkir úr Sjúkrasjóði samtals **283.524.887**
 (2000, kr. 316.087.109)

Stofnstyrkir úr Framkvæmdasjóði Sjúkrasjóðs VR

| | Upphæð kr. |
|--------------------------|------------|
| Krabbameinsfélag Íslands | 11.000.000 |
| Hjúkrunarheimilið Eir | 15.000.000 |
| Sunnuhlíð | 25.000.000 |
| Samtals | 51.000.000 |

Stjórn Sjúkrasjóðs starfsárið 2001-2002

Magnús L. Sveinsson formaður

Stefanía Magnúsdóttir

Benedikt Vilhjálmsson

Steinar J. Kristjánsson

Kolbeinn Sigurjónsson



VR stóð fyrir auglýsingaherferð í dagblöðum til að kynna starfsemi og þjónustu Sjúkrasjóðsins.

ORLOFSMÁL

Orlofshús árið 2001

Á árinu 2001 voru 37 orlofshús og 37 tjaldvagnar í eigu VR. Sjá nánar töflu hér að neðan með upplýsingum um staðsetningu hússanna. VR seldi tvö hús á árinu á Illugastöðum.

Á árinu tók félagið á leigu nokkur hús og endurleigði til félagsmanna, var því vel tekið og ákvað stjórn Orlofssjóðs að halda því áfram á árinu 2002. Nýting yfir vetrarmánuðina var mjög góð í þeim húsum sem hafa heita potta, auk þess eru íbúðirnar á Akureyri vinsælar yfir vetrarmánuðina fyrir skíðafólk. Sl. vor var settur heitur pottur við húsið í Stykkishólmi og var það mjög vel nýtt í veturni.

Nýting orlofshúsa og vagna 2001

| Staðsetning (fjöldi) | Sumar Fjölskyldur | Vetur Fjölskyldur | Samtals Fjölskyldur |
|-------------------------|----------------------|----------------------|------------------------|
| Akureyri (4) | 71 | 116 | 187 |
| Einarsstaðir (2)* | 33 | 2 | 35 |
| Flúðir (3) | 57 | 105 | 162 |
| Húsafell (3) | 59 | 87 | 146 |
| Kirkjubæjarklaustur (2) | 36 | 32 | 68 |
| Miðhúsaskógr (21)** | 387 | 580 | 967 |
| Stykkishólmur (1) | 15 | 16 | 31 |
| Ölfusborgir (1)*** | 1 | 106 | 107 |
| Tjaldvagnar (37) | 303 | 0 | 303 |

Félagið tók á leigu eftirtalin hús sumarið 2001:

| | | | |
|----------------------|--------------|--------------|--------------|
| Einarsstaðir | 11 | 0 | 11 |
| Úlfsstaðaskógr(2) | 16 | 0 | 16 |
| Eyjólfssstaðaskógr | 8 | 0 | 8 |
| Bakki í Vatnsdal (3) | 32 | 3 | 35 |
| Kerlingafjöll | 4 | 0 | 4 |
| Vestmannaeyjar | 7 | 0 | 7 |
| Súðavík | 8 | 0 | 8 |
| Vík í Mýrdal | 12 | | 12 |
| Samtals 2001 | 1.060 | 1.047 | 2.107 |
| Samtals 2000 | 1.067 | 947 | 2.014 |

* Ölfusborgir og Einarsstaðir, eru leigðar út á vegum rekstrarfélagana yfir vetrarmánuðina. VR félagar hafa aðgang að byggðunum á félagsafslætti, geta þá fleiri hafa dvalist í húsunum en fjöldi húsa VR gefur til kynna.

** Að auki er eitt hús í Miðhúsaskógi umsjónarhús og geymsla.

***Sumarið 2001 skipti félagið á húsinu í Ölfusborgum og einu af húsum verkalýðsfélagsins Vökuls á Hornafirði.

Stóri-Kambur

Endurbótum á húsnæði félagsins að Stóra-Kambi er að mestu lokið og verður það leigt út í fyrsta sinn um páskar 2002. Tvær orlofsíbúðir eru í húsinu.

Spánn

Stjórn félagsins samþykkti sl. haust að gera tilraun með að leigja hús á Spáni fyrir félagsmenn og voru 5 hús tekin á leigu á Costa Blanca suður af borginni Alicante. Húsin voru auglýst til umsóknar í janúar 2002 og voru viðtökur félagsmanna góðar.

Orlofshús Verslunarmannafélags Akraness

Frá áramótum 2001-2 hefur VR tekið við rekstri og útleigu íbúðar á Akureyri og húsi í Skyggnisskógi sem eru í eigu VA.

Stjórn Orlofssjóðs VR starfsárið 2001 til 2002

Elín Elíasdóttir formaður
Benedikt Vilhjálmsson varaformaður
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir
Reynir Jósepsson
Grétar Hannesson
Valur Valtýsson
Bjarnsdís Lárusdóttir

Varamenn:

Stefanía Magnúsdóttir
Gunnar Böðvarsson



Krafan um aukin lífsgæði er vaxandi þáttur í viðhorfum fólks.

ATVINNULEYSISBÆTUR

Úthlutun atvinnuleysisbóta

Skrifstofa VR annast úthlutun og greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2 fyrir höfuðborgarsvæðið. Nefndin heldur fundi hálfsmánaðarlega og fer yfir allar nýjar umsóknir og úrskurðar um gildi þeirra. Um er að ræða umsóknir frá félagsmönnum VR og 75 annarra félaga og samtaka. Öll vinna er lýtur að útreikningum og bótarétti umsækjenda ásamt útborgun atvinnuleysisbóta, sem fram fer hálfsmánaðarlega, er unnin á skrifstofu VR.

Fjöldi sem fékk greiddar bætur – öll félög

| | 2001 | 2000 |
|---------|-------|-------|
| Konur | 1.192 | 1.055 |
| Karlar | 674 | 400 |
| Samtals | 1.866 | 1.455 |

Fjöldi félagsmanna VR sem fékk greiddar bætur

| | 2001 | 2000 |
|---------|-------|------|
| Konur | 891 | 741 |
| Karlar | 386 | 212 |
| Samtals | 1.277 | 953 |

Bótagreiðslur

| | 2001 | 2000 |
|------------------------------|-------------|-------------|
| Greiddar bætur, öll félög | 422.284.189 | 384.188.647 |
| Greiddar bætur til VR félaga | 277.246.719 | 238.405.589 |

Hámarksbætur fyrir einstakling frá 1. janúar 2002 eru kr. 3.404 fyrir hvern virkan dag atvinnuleysis eða um það bil kr. 73.765 á mánuði.

Fjöldi atvinnulausra VR félaga árin 2000 – 2001

| Ár | Félagsmenn |
|------|------------|
| 1991 | 521 |
| 1992 | 1.199 |
| 1993 | 2.041 |
| 1994 | 2.001 |
| 1995 | 1.914 |
| 1996 | 1.967 |
| 1997 | 1.829 |
| 1998 | 1.635 |
| 1999 | 1.218 |
| 2000 | 953 |
| 2001 | 1.277 |

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2

Margrét Tómasdóttir, formaður

Árni Leósson, varaformaður

Birna S. Karlssdóttir, BSRB

Jakobína Jónsdóttir, SA

Kristín Jónsdóttir, SA

Samstarf VR og VA

VR og Verslunarmannafélag Akraness gerðu á árinu með sér samstarfssamning sem tók gildi 1. janúar 2002. Samningurinn gerir ráð fyrir viðamiklu samstarfi félagsanna frá og með 1. janúar árið 2002 og að félögin tvö sameinist að loknum tveggja ára reynslutíma. Markmiðið með samstarfi félagsanna tveggja er að efla þjónustu við félagsmenn. Félagsmenn í VA öðlast full réttindi m.v. reglur VR strax við gildistöku samningsins en þeir sem gerast aðilar að VA eftir að samningurinn tekur gildi ávinnna sér rétt í samræmi við reglur VR um nýja félagsmenn. Iðgjöld félagsmanna VA renna þannig í Sjúkrasjóð, Orlofsjóð og Félagsjóð VR og hafa þeir sömu réttindi til þeirra sjóða og félagsmenn VR.

Fundir

Á starfsárinu voru haldnir 18 fundir í stjórn félagsins. Fjórir fundir voru haldnir í trúnaðarmannaráði á starfsárinu. Auk þess voru haldnir fjölmargir vinnustaðafundir og aðrir fundir í tengslum við kjaramál og kynningar- og blaðamannafundir um ýmis mál.

Kjarapíng

Þann 7. febrúar 2002 var haldið kjarapíng VR. Á þinginu voru niðurstöður í launakönnun 2001 kynntar. Auk þess voru kynntar niðurstöður könnunar sem Hagfræðistofnun Háskóla Íslands gerði fyrir VR um áhrif styttigar grunn- og framhaldsskóla. Sjá nánar á bls. 6.

Ársfundur ASÍ var haldinn dagana 28.-29. maí. Fulltrúar VR á fundinum voru 40. Meginviðfangsefni fundarins voru: Framtíð velferðarkerfisins, jafnréttis- og fjölskyldumál, efnahags- og kjaramál og húsnaðismál.

23. þing LÍV var haldið dagana 26. og 27. október 2001. Fulltrúar VR á þinginu voru 61. Þar var fjallað um skipulag og starfsemi sambandsins. Ekki fékkst niðurstaða á þinginu og er áformáð að afgreiða tillögur um framtíðarskipulag LÍV á framhaldsþingi í maí 2002.

Erlent samstarf

Höfuðborgaráðstefna Norðurlandanna var að þessu sinni haldin í Reykjavík dagana 13.-17. júní. Þátttakendur voru 47 og komu frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Aðalefni ráðstefnunnar að þessu sinni voru kynningar- og félagsmál, auk þess var rætt um breytingar á starfsemi VR á undanförnum árum og Dr. Stefán Ólafsson bar saman velferðarkerfi og stjórnþálaástand á Norðurlöndum.

VR tók þátt í verkefni með ASÍ og bandaríksa sáttasemjaraembættinu (FMCS) í Litháen og Lettlandi í september sem miðaði að því að styðja aðila vinnumarkaðarins í löndunum tveimur í kjarasamningagerð og uppbyggingu stéttarfélaga. Verkefnið er afrakstur ráðstefnunnar **Konur og Lýðræði** við árbúsundamót sem haldin var í Reykjavík haustið 1999 en VR var einn af framkvæmdaraðilum hennar.

Alda Sigurðardóttir fór sem fulltrúi VR á vinnustofur sem haldnar voru dagana 6. og 7. september 2001 í Riga, höfuðborg Lettlands, og dagana 10. og 11. september 2001 í Vilnius, höfuðborg Litháens.

Alda Sigurðardóttir fór á ráðstefnu í Vilnius 15.-17. júní 2001 sem nefndist WoMen and Democracy: Reykjavík-Vilnius. Þetta var framhaldsráðstefna af Konur og Lýðræði við árbúsundamót. Markmiðið með þessari ráðstefnu var að meta stöðuna á þeim verkefnum sem fóru af stað í kjölfar ráðstefnunnar sem haldin var í Reykjavík.

Í marsmánuði 2001 fór Steinunn Böðvarsdóttir á ráðstefnu í Genf á vegum LÍV. Ráðstefnan fjallaði um það hvernig verkalýðsfélög nýta sér veraldarverfinn í starfinu.

13.-15. júní 2001 heimsótti Alda Sigurðardóttir HK í Kaupmannahöfn til að kynna sér fræðslumál þeirra.

Dagana 3. – 7. október 2001 fóru Magnús L. Sveinsson, Valur M. Valtysson, Sigrún Baldursdóttir, Kolbeinn Sigurjónsson og Árni Leósson í kynnisferð til Brüssel á vegum ASÍ.

Magnús L. Sveinsson og Gunnar Páll Pálsson sátu þing UNI, alþjóðasambands verslunarmanna í Berlín 4.-9. september 2001. Þingið er haldið á fjögurra ára fresti og megin efni þingsins var að þessu sinni hlutverk stéttarfélaga í aukinni alþjóðavæðingu.

Magnús L. Sveinsson og Gunnar Páll Pálsson sóttu vinnufund vegna Höfuðborgaráðstefnu Norðurlandanna dagana 10. – 12. desember 2001 í Oslo en þar verður Höfuðborgaráðstefnan haldin vorið 2002.

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Kjörin stjórn og trúnaðarmannaráð fyrir árið 2001-2002

7 meðstjórnendur til tveggja ára

| | |
|---------------------------|------------------------|
| Jóhanna E. Vilhelmsdóttir | -Edda, miðlun – útgáfa |
| Sigrún Baldursdóttir | -Eimskip |
| Kolbeinn Sigurjónsson | -Slippfélagið |
| Rannveig Sigurðardóttir | -Sjóvá/Almennar |
| Gunnar Böðvarsson | -Einar J. Skúlason |
| Valur M. Valtýsson | -Ellingsen |
| Bjarníð Lárusdóttir | -Prentsmiðjan Oddi |

Varamenn til eins árs

| | |
|--------------------------|-------------------------|
| Kristín Sigurðardóttir | -Samvinnuferðir-Landsýn |
| Valdís Haraldsdóttir | -Lyfja hf |
| Ingveldur Sigurðardóttir | -Hagkaup, Skeifunni |

Trúnaðarmannaráð aðalmenn

| | |
|-----------------------------|---------------------------|
| Guðmundur H. Garðarsson | -LV |
| Grétar Hannesson | -VR |
| Reynir Jósepsson | -VR |
| Björn Þórhallsson | -Eftirlaun |
| Hannes Þ. Sigurðsson | -Sjóvá |
| Ingibjörg R. Guðmundsdóttir | -Flugleiðir/LÍV |
| Teitur Jensson | -Eftirlaun |
| Sólveig Guðjónsdóttir | -Suzuki bílar hf. |
| Steinn Gunnarsson | -GKS - BÍRÓ |
| Þorsteinn Bjarnason | -VÍS |
| Gunnar Helgi Guðmundsson | -BYKÓ |
| Guðbjörg H. Waage | -DV-Frjáls fjölmiðlun |
| Kristinn Stefánsson | -Flugleiðir – Keflavík |
| Ásmundur I. Þórisson | -Öryrki |
| Sigríður Sigurðardóttir | -Eftirlaun |
| Sigríður Bjarnadóttir | -Eftirlaun |
| Pétur Ingimundarson | -Tæknival |
| Drífa Hilmarsdóttir | -Penninn |
| Marólína Magnúsdóttir | -Grafarvogsapótek |
| Árni Arnþórsson | -Tengi – heildverslun |
| Bjarni Hallfredsson | -Ræsir |
| Bertha Biering | -VR |
| Ragnar Engilbertsson | -Ellingsen |
| Gunnar Páll Pálsson | -VR |
| Ólafur Ólafsson | -Hagkaup, Spönginni |
| Guðmundur B. Ólafsson | -VR |
| Alfreð Maríusson | -Mötuneyti – TÍ |
| Anita Knútsdóttir | -Flugleiðir, aðalskrifst. |
| Sigurhans Wium Hansson | -Nói – Sírus |
| Elsa Unnur Guðmundsdóttir | -Eimskip |
| Jón H. Guðjónsson | -Harpa |
| Einar M. Nikulásson | -VR |
| Pétur Ástbjartsson | -Málning |
| Guðmundur Pétursson | -Tryggingamiðstöðin |
| Árni G. Ferdinandsson | -Eftirlaun |
| Hansína Gísladóttir | -Frumherji |
| Júlíana Sóley Gunnarsdóttir | -Ræsir |
| Svala Ingimundardóttir | -Hjá Dóra |

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

| | |
|---------------------------|--------------------------|
| Adolph Bergsson | Eimskip hf. |
| Júlíana Pálsdóttir | Flugfélag Íslands |
| Ólafur Sveinsson | Sláturfél. Suðurlands |
| Alma Ísleifsdóttir | Vaka-Helgafell |
| Valdimar I. Þórarinsson | Samskip |
| Brynhildur Guðmundsdóttir | Flugleiðahótel |
| Birna Dís Benediktsdóttir | Nota Bene hf |
| Hrefna Bragadóttir | Bílanaust |
| Guðný Ólafsdóttir Hansen | Flugleiðir |
| Skarphéðinn K. Erlingsson | Ingvar Helgason |
| Svanur M. Gestsson | GLV hf Gólf Loft & Veggr |
| Jón Magnússon | Hekla |
| Kristín Gísladóttir | Bóksala stúdenta |
| Þorlákur Jóhannsson | Sindrastál |
| Guðmundur J. Jónsson | Kreditkort |
| Sæmundur Bjarnason | Fjölmíðlun (Stöð 2) |
| Hulda Kolbrún Guðjónsd. | Blaðadreifing ehf |
| Kristín Guðfinnsdóttir | Mjólkursamsalan |
| Valva Árnadóttir | Edda, miðlun – útgáfa |

Varamenn

| | |
|------------------------------|---------------------------|
| Anna Björg Siggeirs dóttir | VR |
| Þórdís Rún Þórisdóttir | Sjóvá-Almennar tryggjir |
| Stella Breiðfjörð Magnúsd. | IKEA |
| Sigrún Oddgeirsdóttir | Lyfjadreifing |
| Magrét Torfadóttir | Delta hf |
| Magrét Eiríksdóttir | Nói – Sírius |
| Elías Magnússon | VR |
| Súsanna Gísladóttir | Jónar hf. |
| Jónína Sóley Ólafsdóttir | Austurbakki hf |
| Sigríður Hafdís Benediktsd. | Vaka-Helgafell |
| Dröfn Snæland Pálsdóttir | Hagkaup, Smáratorgi |
| Eyrún Ingvaldsdóttir | Daniel Ólafsson ehf. |
| Kolbrún Friðriksdóttir | Læknastöðin hf. |
| Ágúst Ingi Jónsson | Flugfélag Íslands |
| Árni Steingrímsson | Björninn hf |
| Valdís Elíasdóttir | Matbær ehf (Nettó Mjódd) |
| Sigurlaug Kristín Hraundal | Hagkaup, snyritv. Kringl. |
| Ólafur Ingimundarson | Vátryggingaf. Íslands |
| Unnur Þorsteinsdóttir | Vélaver hf |
| Fanney Proppé Eiríksdóttir | Samvinnuf.-Landsýn |
| Gunnlaugur Bragason | Sól-Víking hf |
| Jóna G. Þórðardóttir | Z-brautir & gluggatjöld |
| Guðrún Katla Kristjánsdóttir | Hreyfill svf |
| Auður E. Logadóttir | Nótatún, Skeifan |
| Ásdís Lilja Ragnarsdóttir | Blómaval |

Endurskoðendur

| |
|-------------------|
| Steinn Gunnarsson |
| Teitur Jensson |

Varamenn

| |
|--------------------------|
| Gunnar Helgi Guðmundsson |
| Anita Knútsdóttir |

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Félagsmál

1. maí

Baráttudagur verkalýðsins var haldinn hátíðlegur á hefðbundinn hátt með kröfugöngu og útifundi á Ingólfstorgi. Á þrettanda hundrað manns þáðu kaffiveitingar sem VR bauð til á Hótel Íslandi eftir fundinn.

Síðdegisboð á uppstigningardag

Um 700 manns sóttu árlegt síðdegisboð fyrir eldri félagsmenn VR á Hótel Íslandi á uppstigningardag þann 25. maí. Ávarp dagsins flutti sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.

Fjölskylduhátið á frídegi verslunarmanna

Um níuþúsund gestir skemmtu sér í ágætu veðri á fjölskylduhátið á vegum VR í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum á frídegi verslunarmanna þann 6. ágúst.

Útgáfu- og kynningarmál

